

Sp. 50. Tillaga til þingsályktunar [49. mál]

um úttekt á framkvæmd skrefatalningarinnar.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Friðrik Sophusson, Albert Guðmundsson, Kjartan Jóhannsson, Karl Steinar Guðnason, Jón Baldvin Hannibalsson, Vilmundur Gylfason, Geir Hallgrímsson, Matthías Á. Mathiesen, Salome Porkelsdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Ólafur G. Einarsson, Pétur Sigurðsson, Guðmundur J. Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa **nú þegar** nefnd til að gera úttekt á framkvæmd skrefatalningarinnar.

Verkefni nefndarinnar skal vera:

- 1) Að leita orsaka fyrir verulegum halla Pósts og síma í kjölfar skrefatalningarinnar.
- 2) Að kanna að hve miklu leyti hallinn kemur til með að minnka þá jöfnun símkostnaðar sem fyrirhuguð var.
- 3) Að kanna með hvaða hætti Póstur og sími hefur fengið bættan tekjumissinn vegna skrefatalningarinnar.
- 4) Að kanna hvaða aðrar leiðir en skrefatalning innanbæjarsímtala komi til greina til að ná sömu jöfnun símkostnaðar og fyrirhuguð var með skrefatalningunni.

Skýrslu um störf nefndarinnar skal senda Alþingi sem fjalla skal um málið, og ef ástæða þykir til skal fella niður skrefatalninguna og setja fram nýjan valkost sem nær því markmiði að jafna símkostnað landsmanna án þess að breyta heildartekjum Pósts og síma.

Nefndin skal skipuð fimm mönnum, einum tilnefndum af samgönguráðuneytinu og skal hann vera formaður nefndarinnar, einum tilnefndum af Neytendasamtökunum, einum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einum tilnefndum af borgarstjórn Reykjavíkur og einum tilnefndum af Pósti og síma.

Skal nefndin hafa lokið störfum fyrir 1. apríl n. k.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var lögð fram þingsályktunartillaga um könnun á afstöðu símnotenda til mismunandi valkosta við jöfnun símkostnaðar. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á samgönguráðherra að láta fara fram nú þegar könnun á afstöðu símnotenda til þess, hvor leiðin verður farin til að jafna símkostnað landsmanna: 1) Skrefatalning innanbæjarsímtala eða 2) hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa (þó ekki á kostnað langlínunotenda). Spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublöðum verði unnin í samráði við Neytendasamtökin og send út með simreikningum.“

Tillagan mætti mikilli andstöðu, að því er virðist fyrir misskilning, og náði ekki fram að ganga. Því var borið við, að verið væri að bregða fæti fyrir jöfnun símkostnaðar. Þessu var haldið fram jafnvel þó viðurkennt væri af Póst- og símamálastofnun að hægt væri að ná sömu jöfnun með gjaldskrárhækkun umframskrefa. — Tillagan fól einungis í sér að símnotendur fengju að segja álit sitt á hvor leiðin væri farin: skrefatalning innanbæjarsímtala eða gjaldskrárhækkun umframskrefa — til að ná fram því markmiði að jafna símkostnað landsmanna.

Nær árs reynsla er nú komin á framkvæmd skrefatalningarinnar og af þeirri reynslu er nokkuð ljóst að skrefatalningin hefur misheppnast, en fyrir því liggja augljós rök.

Ljóst er að áætlanir Póst- og símamálastofnunarinnar varðandi tekjuaukningu af skrefamælingu innanbæjarsímtala hafa ekki staðist. — Á því er sú skýring sennilegust, að símnotendur hafi mótmælt skrefatalningunni sem þvinguð var fram. Mótmælin koma fram í því, að símnotendur hafa minnkað mikið símnotkun á þeim tíma sem skrefatalningin er í gangi.

Samkvæmt upplýsingum, sem fjármálastjóri Pósts og síma gefur í Morgunblaðinu 26. júní s. l., er áætlað að tekjutap Pósts og síma vegna skrefatalningarinnar sé um 20 milljónir króna á ársgrundvelli eða um 13%.

Leiða má þó líkur að því, að tapið sé mun meira, eins og sést á meðfylgjandi töflu:

Aukning umframskrefa á öllu landinu milli ára mánuðina jan.—maí, þ. e. fimm mánuði ársins. Samanburður er gerður á fyrstu fimm mánuðum árána 1979—1982.

Ár	Skrefafjöldi	Aukning frá síðasta ári
1979	117 672	
1980	121 695	+ 3.42%
1981	132 392	+ 8.79%
1982	115 205	- 12.98%

Meðalaukning milli ára tímabilið 1979—1981 var 6.07%. Miðað við sömu aukningu 1981—1982 hefðu skrefin orðið 140 428. **Raunveruleg minnkun er því, miðað við þær forsendur, 17.96.** Benda má á að í áætlun Pósts og síma á s. l. ári var gert ráð fyrir óbreyttum heildarfjölda skrefa vegna innanbæjarsímtala og langlínusímtala. Fjölgun skrefa hefur þó verið töluverð vegna verslunarsíma, og einnig má nefna að umtalsverð fjölgun skrefa varð hjá Reykjavíkurborg eða að meðaltali rúm 31% og aukning hjá aðalsímum borgarinnar yfir 50%.

Gefa þessar tölur vísbendingu um að áætlanir Pósts og síma varðandi einkasíma hefðu getað staðist og töluverð hækkun símreikninga orðið samfara skrefatalningu, ef símnotkun hefði verið eðlileg á þeim tíma sem skrefatalningin er í gildi.

Til þess að mæta því tekjutapi, sem orðið hefur, verður Póstur og sími nú að hækka gjaldskrár sínar, sem gera verður ráð fyrir að komi niður á öllum símnotendum, einnig langlínunotendum.

Því til staðfestingar má benda á að í greinargerð Pósts og síma fyrir beiðni um hækkun gjaldskrár fyrir símaþjónustu frá 1. ágúst s. l. er gert ráð fyrir að greiðsluhalli ársins verði með óbreyttri gjaldskrá 41.7 millj. kr.

Bendir Póstur og sími á tvær ástæður fyrir þessum greiðsluhalla:

Í fyrsta lagi hafi orðið verulegt tekjutap í kjölfar skrefatalningarinnar 1. nóvember 1981, þ. e. a. s. þegar skrefatalningu var komið á í þéttbýli og langlínutaxtar lækkaðir frá sama tíma um allt að 30% að meðaltali.

Í öðru lagi hafi ýmsir kostnaðarliðir hækkað nokkuð frá fyrri áætlunum og útgjaldafor-sundur því raskast.

Upplýst var í greinargerð Pósts og síma að áætlað hefði verið að skrefatalningin mundi þýða óbreyttar tekjur hjá stofnuninni, en annað hefur komið á daginn.

Upplýsti Póstur og sími einnig að nú liggi fyrir rúmlega 13% fækkun umframskrefa sem samsvarar 22.8 millj. kr. á ársgrundvelli.

Bendir Póstur og sími á tvær leiðir sem helst komi til greina til að bæta tekjutapið: Sú fyrri að **hækka öll gjöld fyrir póst- og símaþjónustu** um 4% aukalega 1. ágúst s. l., en sú síðari að hækka umframskref um 13%.

Hér verður varla annað séð en að Póstur og sími sé að leggja til þá leið, að hækkun á póstburðargjöldum standi einnig undir tekjutapi vegna skrefatalningarinnar.

Einnig má ætla, miðað við áður nefndar tillögur, að 4% heildarhækkun póst- og símgjalda gefi sama og 13% hækkun skrefagjalds sem mundi taka til baka $\frac{1}{3}$ hluta þeirrar 30% meðallækkunar sem gerð var á langlínutöxtum frá 1. nóvember 1981.

Auk þess er ljóst að þeir, sem ekki nota umframskref, verða einnig að standa undir tekjutapinu vegna skrefatalningarinnar þar sem almenn hækkun (fastagjald + umframskref) varð á gjaldskrá Pósts og síma 1. ágúst s. l. um 18%, m. a. til að standa undir hluta hallans.

Af framansögðu er nokkuð ljóst að þeir, sem lækka átti símkostnaðinn hjá, verða sjálfir að greiða hluta tekjutaps sem Póstur og sími varð fyrir vegna lækkunar langlínugjaldanna, sem skrefamæling bæjarsímtala átti að standa undir, og vegna minnkandi notkunar innanbæjarsíma. Í reynd er það því þannig að dreifbýlið fær gjaldskrárhækkun vegna tekjutapsins af skrefatalningunni sem tekur til baka hluta af lækkun langlínugjaldanna sem koma átti þeim að fullu til góða. Jafnframt eru þeir, sem nota ekki umframskrefin, nú látnir standa undir tapi af skrefatalningunni.

Hjá 96% símnotenda er niðurstaðan sú að sitja uppi með skrefatalninguna og standa líka undir tekjutapi Pósts og síma með almennri gjaldskrárhækkun.

Í gjaldskrárhækkun verður að ætla að bæði felist kostnaður vegna lækkunar langlínugjalda vegna minnkandi notkunar innanbæjarsíma og einnig fjármagnskostnaðar vegna skrefatalningarbúnaðar sem sýnir sig að ná ekki því markmiði sem að var stefnt.

Þau rök, sem mæla með því að fella niður skrefatalningu innanbæjarsímtala, eru því augljós.

Í fyrsta lagi má benda á að hún skilar ekki Pósti og síma nauðsynlegri tekjuaukningu til að standa undir lækkun langlínugjaldanna vegna þess að símnotendur hafa augljóslega hafnað henni.

Í öðru lagi verður að ætla að Póstur og sími verði að standa undir lækkun langlínugjalda með almennri gjaldskrárhækkun. Hún er ekki réttlátanleg þegar á það er litið að undir henni standa bæði langlínunotendur, sem leikurinn snýst þó um að lækka símkostnað hjá, og einnig

vegna þess að undir henni standa líka þeir sem lítið nota símann, þ. e. þeir sem nota aðeins skrefin sem innifalin eru í ársfjórðungsgjaldi.

Miðað við nýjustu upplýsingar Pósts og síma eru um það bil 21% notenda höfuðborgarsvæðisins og 22% notenda dreifbýlisins sem nota aðeins innifalin skef. Þeir notendur slyppu við slíka almenna gjaldskrárhækkun ef hækkunin kæmi aðeins fram í hækkun gjaldskrártaxta umframskrefa.

Í þriðja lagi kemur skrefatalningin illa niður á gömlu fólki og sjúku og þeim sem ekki eiga heimangengt og helst þurfa að nota símann á þeim tíma sem skrefatalningin er í gangi, en veigra sér við því vegna hættu á umframkostnaði.

Í fjórða lagi er í hæsta máta óeðlilegt að stjórnvaldsákvörðunum sé beitt til þess í raun að þvinga fólk til að nota símann á vissum tímum sem oft henta ekki þörfum þess. Það er óþarfaskerðing á málfrelsi sem hægt hefði verið að komast hjá með valkosti sem skerti ekki málfrelsi og næði auk þess betur fram þeim markmiðum sem að var stefnt.

Í landi sem Íslandi með erfiða veðráttu og afar tíð umferðarslys ætti að stuðla að aukinni notkun símans, en ekki hinu gagnstæða, eins og gert hefur verið. — Það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt að nýta sem best það símkerfi sem búið er að fjárfesta í og ekki er í dag talið of mikið lestað. Enn fremur er ekki fyrirsjáanlegt að erfitt verði að byggja kerfi fyrir aukna notkun í framtíðinni miðað við núverandi tækniþróun.

Í fimmta lagi má benda á að nú er það staðfest, sem andstæðingar skrefatalningarinnar hafa margoft haldið fram, að skrefatalningin er miklu óvissari tekjulind en gjaldskrárhækkun umframskrefa til að mæta lækkun langlínugjalda.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að úttekt fari fram á framkvæmd skrefatalningarinnar, en til þess verði kosin 5 manna nefnd. Helstu verkefni nefndarinnar verði að kanna sem best áhrif skrefatalningarinnar á tekjur Pósts og síma og orsakir fyrir verulegum halla sem orðið hefur í kjölfar skrefatalningarinnar. Einnig að kanna hver verði endanleg jöfnun símkostnaðar eftir að tekjutapinu vegna skrefatalningarinnar hefur verið mætt að fullu, þ. e. að hve miklu leyti langlínunotendur hafa þurft að standa undir tekjutapinu, og einnig á hvern hátt Póstur og sími hefur fengið bættan tekjumissinn vegna skrefatalningarinnar. Að auki verði það verkefni nefndarinnar að kanna hvaða aðrar leiðir en skrefatalning innanbæjarsímtala komi til greina til að ná sömu jöfnun símkostnaðar og fyrirhuguð var með skrefatalningunni, þar sem ljóst er að skrefatalningin hefur ekki skilað tilætluðum árangri. Nauðsynlegt er að í hugsanlegum nýjum valkostum, sem nefndin kynni að benda á, verði dregin fram rök með og móti þeim valkostum í samanburði við skrefatalninguna.

Vegna hinna mjög svo skiptu skoðana á Alþingi um réttmæti skrefatalningarinnar er eðlilegt að slík úttekt fari fram sem hér er lögð til, þar sem nú er komin marktæk reynsla á áhrif skrefatalningarinnar á tekjur Pósts og síma og viðbrögð símnotenda við henni. — Á þessu stigi er ekki lagt til að fella niður skrefatalninguna, þó margt af því, sem rakið hefur verið hér í greinargerðinni, gefi fyllilega tilefni til slíks.

Réttara þykir að bíða með hvaða ákvörðun verði tekin í því máli, þar til fyrir liggur úttekt þeirrar nefndar sem hér er lagt til að skipuð verði, — og þá jafnframt að fyrir liggi könnun á nýjum valkosti sem nái því markmiði að jafna símkostnað landsmanna.